



LEB

Landssamband eldri borgara

351. Stjórnarfundur LEB – 22. desember 2021

kl. 10.00 – 10:45 – Fundurinn var haldinn á ZOOM

Mættir:

Aðalstjórn: Helgi Pétursson, Drífa Jóna Sigfúsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir, Ingibjörg H. Sverrisdóttir, Þorbjörn Guðmundsson.

Varastjórn: Ásgerður Pálsdóttir, Ragnar Jónasson, Ingólfur Hrólfsson,

Auk þeirra sátu fundinn: Viðar Eggertsson skrifstofustjóri LEB og Steinunn Valdimarsdóttir, verkefnastjóri LEB

- 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar frá 7. des. borin upp til samþykktar og var samþykkt.**
- 2. Málsókn Gráa hersins – staða mála**
Aðilar málsins og lögmenn þeirra hafa verið boðaðir í Héraðsdóm kl. 11:45. Þá verður lesin upp dómsuppkvaðning allra málanna þriggja. Flóki Ásgeirsson annar lögmannanna kom inn á stjórnarfundinn og fór yfir nokkra möguleika varðandi framhaldið allt eftir því hver dómsniðurstaðan verður. Það mun þá liggja fyrir á næsta stjórnarfundum LEB.
- 3. Fundur með félagsmálaráðherra**
Helgi, Þorbjörn, Ingibjörg og Viðar sátu fund með félagsmálaráðherra þann 16. desember s.l. Þar var farið yfir áhersluatriði LEB, sem lögð voru fram fyrir þingkosningarnar í september, sem og umsögnina sem við sendum frá LEB til fjárlaganefndar í tengslum við fjárlagafrumvarpið. Áhersla var lögð á að fyrir liggur mikið af skýrslum um afkomu og stöðu eldra fólks sem má vinna með, svo það á ekki að tefja fyrir að koma málum á hreyfingu í ráðuneytinu varðandi þennan hóp. Fundarmönnum var vel tekið, engu lofað, en sammælt um að halda samtalinu áfram fljótlega.

Fleira ekki á dagsskrá.

Fundi slitið kl. 10:45

Ritari fundargerðar: Ingibjörg H. Sverrisdóttir

Fundargerð samþykkt á stjórnarfundum 25. janúar 2022